

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 27. fundur 2024

Dagsetning fundar: 14.08.2024

Tímasetning fundar: 08.30-10.00

Fundarstaður: Hamraborg

Viðstaddir: Aðalbjörg Traustadóttir frá Reykjavík, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Kristbjörg Hjaltadóttir frá Mosfellsbæ, Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir frá Kópavogi, Baldur Pálsson frá Seltjarnarnesi og Guðlaug Ósk Gísladóttir frá Hafnarfirði og María I. Kristjánsdóttir frá sambandinu.

Gestir: Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Tryggvi Þórhallssonundir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Sigrún Edda Jónsdóttir frá Tryggingastofnun komu inn undir lið nr 1.

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir deildarstjóri barnaverndarþjónustu Kópavogs kom inn á fund undir lið nr 6

Kristbjörg Hjaltadóttir ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun örorkulífeyriskerfisins

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis og Tryggingastofnunar kynntu fyrir hópnum fyrirhugaðar breytingar á örorkulífeyriskerfinu, þá sérstaklega með tilliti til stofnunar samhæfingarteyma, en þeim teyllum er ætlað að vera vettvangur samstarfsaðila sem koma að endurhæfingu flókinna mála og stuðla að virkni fyrir einstaklinga í þeirri stöðu.

Bókun

Sveitarfélögin fara yfir drög að samningi og senda athugasemdir til félagsmálaráðuneytis. Einnig óskar ráðuneytið eftir því að sveitarfélögin taki samtal við sína stafrænu leiðtoga varðandi tengingar við nýja fyrirhugaða þjónustugátt.

2. Ný hjúkrunarheimili, breyting á eignarhaldi

Rætt um breytingar á framkvæmd fjármögnunar á byggingu nýrra hjúkrunarheimila þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir 15% kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga.

3. Múlalundur, staðan hjá sveitarfélögunum

Rætt um stöðu á Múlalundi en fulltrúar Múlalundar hafa átt samtal við nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra breytinga á starfseminni.

Bókun

Ákveðið að fulltrúi Garðabæjar muni óska eftir sameiginlegum fundi velferðarsviða með Múlalundi.

4. Vistun barna á grundvelli laga 38/2018

Rætt um lagaumhverfi vegna vistunar fatlaðra barna. Sérfræðingaeymi vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir hefur m.a. það hlutverk samkvæmt 20. gr laga nr. 38/2018 að ákvarða hvort barn þarfnist úrræða samkvæmt þeim lögum eða barnaverndarlögum. Sérfræðingateymi á fund á komandi vikum með umboðsmanni Alþingis vegna þessa.

5. Málefni ungmenna utan höfuðborgarsvæðisins í þjónustu Klettabæjar á grundvelli barnaverndarlaga

Rætt um flutning lögheimilis barna við 18 ára aldur, sem vistað hafa verið á grundvelli barnaverndarlaga í úrræði á höfuðborgarsvæðinu og þá vinnu sem þarf að fara fram áður en þjónustu barnaverndar lýkur og þjónusta í málaflokki fatlaðs fólks tekur við.

6. Umdæmisráð barnaverndarþjónustu, samningur og viðauki um greiðslur

Rætt um samning og viðauka við umdæmisráð kragans. Einnig rætt um greiðslur þegar þörf er á að taka upp mál upp oftar en einusinni og hvernig þeim skuli háttað.

Bókun

Deildarstjórar barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu fá málið til umfjöllunar á næsta fundi sínum.

Fundi slitið kl 10:26